

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Skólastjórafélags Íslands**

24. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn föstudaginn 18. mars 2016 og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu: Magnús Þór Jónsson og Hreiðar Sigtryggsson af hálfu SÍ. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Erindi vegna röðunar deildarstjóra í sérskólum - 1604020SA**

Erindi barst frá starfandi deildarstjóra í sérskóla sem gerir athugasemd við það að stjórnendur sérskóla skólastjórar og aðstoðarskólastjórar raðast með öðrum hætti en stjórnendur annarra skóla samkvæmt ákvæðum greinar 1.1.3 í kjarasamningi aðila en þessi röðun nær ekki til deildarstjóra. Þá er bent á að kennarar sérskóla grunnraðast einum launaflokk hærra en aðrir grunnskólakennarar samkvæmt kjarasamningi FG.

**Niðurstaða:**

Ekki náðist samstaða um málið.

Fulltrúar SNS vilja bóka eftirfarandi:

Deildarstjórar sérskóla hafa fram til þessa ekki fengið sérstaka röðun eða er gert ráð fyrir að þeir fái einn launaflokk vegna starfa sinna í sérskóla. Krafan um þetta hefur ekki komið fram af hálfu félagsins í samningaviðræðum undanfarin ár og því er ekki gert ráð fyrir breytingum hvað þetta varðar í nýjum kjarasamningi SÍ og SNS. Við gerð þessa kjarasamnings var allt svigrúm til launahækkana nýtt til fullnustu og ekki reynist svigrúm til frekari hækkana á samningstímabilinu. Fulltrúar SNS í samstarfsnefnd lýsa yfir fullum vilja til að skoða stöðu deildarstjóra sérskóla sérstaklega með tilliti til framangreinds erindis en beinir því jafnframt til Skólastjórafélags Íslands að taka málið upp við næstu kjarasamningsgerð sé það vilji félagsins á þeim tíma.

Fulltrúar SÍ vilja bóka eftirfarandi:

Kjarasamningur sá sem undirritaður var haustið 2015 hafði langan aðdraganda þar sem aðilar m.a. undirrituðu verklýsingu um „Hlutverk stjórnenda grunnskóla“. Í vinnu við þann hluta samningaviðræðna var farið yfir stöðu skólastjórnenda í sérskólum og um stund var m.a. rætt að skoða stöðu þeirra sérstaklega en að lokum var ákveðið að gera það ekki og grunnröðun deildarstjóra breytt lítillega. Því miður var ekki rætt um þá staðreynd að einu stjórnendur sérskóla sem ekki er raðað sérstaklega til launa eru deildarstjórar. Skólastjórafélag Íslands harmar það að ekki hafi orðið samkomulag um leiðréttingu en lýsir um leið yfir að málið verði sett inn í kröfugerð við næstu kjarasamningsgerð.

## **2. Mat á BA prófi deildarstjóra og frá hvað tíma skal meta umrætt próf - 1604021SA**

Fyrirspurn barst samstarfsnefnd um hvort meta eigi nám deildarstjóra mið- og unglingastigs í grunnskóla. Málið lýsir sér þannig að þegar deildarstjórinn starfaði sem kennari á sínum tíma hjá sveitarfélaginu fékk hann umrætt BA próf metið til launa samkvæmt kjarasamningi FG. Þegar viðkomandi fór síðan úr kennarastarfi í stjórnunarstarf hjá sama vinnuveitanda fyrir 15 árum var námið ekki lengur metið samkvæmt kjarasamningi SÍ. Við gerð kjarasamnings SÍ og SNS sem tók gildi 1. maí 2014 var gerð breyting á menntunarákvæði í kjarasamningi SÍ í þá veru að deildarstjórinn átti rétt á einum launaflokki að nýju vegna BA prófsins.

### **Niðurstaða:**

Fram hefur komið að upplýsingar um prófið lágu fyrir hjá vinnuveitanda m.a. í útprentun úr kennaraskrá og staðfest er að námið var metið til launa á sínum tíma útfrá fyrirliggjandi gögnum. Deildarstjórinn á því rétt á einum launaflokki vegna námsins frá 1. maí 2014.

## **3. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 14:00.